

Fréttabréf Gæðastjórnunarfélags Norðurlands

- nóvember 2017 -

Verkefnastjórnunarnámskeið

Símenntun Háskólans á Akureyri og Gæðastjórnunarfélag Norðurlands (GSFN) stóðu fyrir námskeiðinu Verkefnastjórnun dagana 13. og 14. nóvember. Það voru 11 einstaklingar sem sóttu námskeiðið og var það Þorgeir Pálsson sjávarútvegsfræðingur, MBA og framkvæmdarstjóri Thorp ehf. sem hafði umsjón með því.

Námskeiðið mæltist vel fyrir og er ljóst að þetta samstarf milli Háskólans og GSFN er af hinu góða og verður vonandi meira í framtíðinni.



Gæðadagur á Akureyri

Þann 17. nóvember var haldinn gæðadagur á Akureyri, 18 manns tóku þátt í deginum og þótti hann takast einstaklega vel.

Farið var í heimsókn í **ProMat** þar sem Kristbjörg Góa Sigurðardóttir tók á móti hópnum og kynnti starfsemina og öll þau fjölbreyttu verkefni sem ProMat sinnir hverju sinni




Eftir heimsóknina í ProMat var haldið niður í **ÚA** þar sem Elvar Thorarensen gæðastjóri tók á móti hópnum. Farið var inn í vinnslu og skoðað hversu vel ÚA er tækjum búið til að vinna aflann. Hópurinn fékk kaffi og veitingar áður en ferðinni var haldið áfram.

Næsti viðkomustaður var **Raftákn** þar sem Anna Blöndal gæðastjóri tók á móti gestunum. Farinn var skoðunartúr um húsnæðið, saga fyrirtækisins rakin, ásamt því að greina frá helstu verkefnum sem Raftákn hefur komið að fyrir og nú.



Gæðadeginum lauk svo með heimsókn á **Múlberg** þar sem GSFN bauð upp á léttar veitingar og hópurinn fór yfir það sem augu bar.

Við viljum þakka öllum gestgjöfum okkar fyrir frábærar móttökur og skemmtilegar kynningar. Auk þess viljum við þakka ykkur kæra fólk sem mættuð og gerðuð daginn betri með líflegum umræðum og reynslusögum.



Hafið samband

Við hvetjum þig til að hafa samband ef þú ert með hugmynd að atburði, ábendingu eða vilt koma einhverju á framfæri. Pósthólfið okkar er gaedastjornun@gmail.com Jafnframt bendum við á heimasíðu félagsins (<http://gaedastjornun.weebly.com/>) og Facebook síðuna [Gæðastjórnunarfélag Norðurlands](#).

Bestu kveðjur frá stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands.

Egill, Mjólkursamsölunni - Fannberg, B. Jensen - Hulda, Sjúkrahúsi Akureyrar - Góa, ProMat - Þórdís Huld, Becromal.